

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1905, undirskrifað af konungi 7. febrúar 1905 (A nr. 1, bls. 2—3).*

*Tilskipun til bráðabirgða um breytingar á lögum 7. apríl 1876 um þingsköp handa alþingi Íslendinga, undirskrifuð af konungi 5. maí 1905 (A nr. 2, bls. 4—7).*

### **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Seyðisfirði um kæru útaf kosningu til bæjarstjórnar í nefndum kaupstað.** 70 22. maí

Eptir móttöku brjefs yðar, herra bæjarfógeti, dags. 28. marz þ. á., er svo-felldur úrskurður lagður á kæru þá, er hingað hefir borizt frá Jörgen V. Benediktssyni á Seyðisfirði yfir bæjarstjórnarkosning þeirri, sem framfór í nefndum kaupstað 2. jan. þ. á.

Í tæka tíð fyrir kosninguna afhenti kærandinn samkvæmt 2. gr. laga nr. 39, 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, lista, þarsem stungið var uppá Stefáni kaupmanni Steinholt á Búðareyri í Seyðisfjardarkaupstað til bæjarfulltrúa og var listinn dagsettur á Seyðisfirði og undirritaður með nöfnum 10 manna. Lista þenna úrskurðaði kjörstórnin ógildan af þeirri ástæðu, að meðmælendurnir hefðu eigi samkvæmt 1. hl. 2. gr. nefndra laga ritað á hann stöðu og bústaði við nöfn sín. Kærandinn telur listanum ólöglega hafnað með úrskurði þessum, þar sem hann kveðst skilja nefnd lagaákvæði svo, að eigi þurfi að tilgreina stöðu og heimili þegar enginn vafi geti verið á um, hverjir meðmælendurnir sjeu, og fullyrðir, að meðmælendur nefnds lista hafi allir hlotið að vera kjörstórninni vel kunnir kjósendur á Seyðisfirði, enda telur hann það verið hafa skyldu oddvita kjörstjórnarinnar að benda sjer á galla við listann, þegar hann afhenti hann, ef nokkrir hefðu á verið. Þegar af þessum ástæðum hefir kærandinn farið fram á, að nefnd bæjarstjórnarkosning yrði úr gildi felld, en auk þess hefir hann sem ástæður fyrir ógilding kosningarinnar fært aðrar misfellur, er á henni hafi átt að vera, svo sem að á leiðbeiningarskjali fyrir kjósendur, sem bæjarstjórnin hafi látið prenta, hafi kosningarkerkið, krossinn, verið settur milli sviga, er hafi villt nokkra kjósendur, og að einum kjósenda hafi verið leyft að standa við innri dyr kjörstofunnar og túlka þar hæfileika þeirra fulltrúaefna, er stöðu á öðrum af listum þeim, er kosið var um.

Ákvæðin í 1. hl. 2. gr. fyrnefndra laga um, að meðmælendur skuli tilgreina stöðu og heimili við nöfn sín, eru sett til leiðbeiningar fyrir kjörstjórna, og getur hún því heimtað slíkt, en þykist hún hinsvegar vera fullviss um að meðmælendur, án þess þeir hafi tilgreint þetta tvennt við nöfnin á framboðslista,

16. dag júnímánaðar 1905.

Ísafoldarprentsmiðja.

**70** sjeu kjósendur, af því hún þekkir þá, eða meiri hluti hennar, þá hefir kjörstjórn  
22. maí bæði rjett og skyldu til að taka slíkan lista fullgildan. En við nefnda kosning hefir kjörstjórnin eigi þótt hafa ástæðu til að sleppa þessum kröfum til listans, því, að í yfirlýsingu sem hún hefir gefið 27. marz þ. á., eptir áskorun stjórnarráðsins, hefir kjörstjórnin látið uppi, að hún eigi með fullri vissu einu sinni hafi getað vitað, að 5 af kjósendum bæjarins stæðu á hinum umrædda lista sem meðmælendur. Samkvæmt þessu verður bæjarstjórnarkosningunni eigi hrundið fyrir þá sök, að nefndur listi var felldur frá henni á áminnstan hátt, enda hafa lögin eigi lagt á oddvita kjörstjórnarinnar leiðbeiningarskyldu, eins og kærandi heldur fram.

Að því er snertir aðfinninguna við leiðbeiningarskjalið, er það upplýst, að svigar voru um krossinn á lista þeim, sem getur um í 1. málslið 5. gr. nefndra laga, en ekki á leiðbeiningarskjali því, sem ræðir um í 3. málslið sömu gr., en eptir því sem atkvæði fjellu hafði þetta ekki nein áhrif á úrslit kosninganna. Loks hefir eigi gegn neitun kjörstjórnarinnar tekizt að færa sönnur á það, að hún hafi líðið kjósendum að vera í kjörstjórnarstofunni og mæla þar fram með sjerstökum lista eða fulltrúaefni, enda hefði það, þótt sannast hefði, eftir atvikum eigi þurft að varða ógildingu kosningarinnar, heldur aðeins vítum fyrir kjörstjórnina.

Samkvæmt þessu er hjermeð ákveðið, að óhaggaður skuli standa úrskurður bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 14. jan. þ. á. um að bæjarstjórnarkosningin 2. s. m. skuli gild.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar og er um leið endursent leiðbeiningarskjál það, sem fylgdi framangreindu brjefi yðar.

**71** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um endurgjald á sveitarstyrk.**  
31. maí

Eptir að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu með brjefi dags. 26. september f. á., hefir skotið undir úrskurð amtmannsins yfir Suður- og Vestur-amtinu ágreiningi milli yðar, herra sýslumaður, og sín um það, hverjum hreppi beri að endurgjalda Grindavíkurhreppi styrk að meðtöldum útfararkostnaði, að upphæð 149 kr. 88 aura, sem lagður var þar á árunum 1899—1902 gamalmenninu Sigríði Þórarinsdóttur, og eptir að stjórnarráðinu hefir í brjefi yðar, dags. 25. febr. þ. á., borizt umsögn yðar um málið, sem amtmáður hafði lagt fyrir yður að láta í tje, er svofelldur úrskurður lagður á það.

Mál þetta er svo vaxið, er hjer greinir: Sigríður, sem var fædd í Kleifahreppi hinum forna árið 1833, veiktist vorið 1899 í Kvihúsum í Grindavíkurhreppi, svo að hún var ófær til að vinna fyrir sjer. Húsbóndi hennar sagði hana þá til sveitar og samdi hreppsnefnd tjeðs hrepps við hann að halda hana með 40 kr. meðlagi á ári og var hún haldin með því meðlagi, þangað til hún dó 13. febr. 1902. Hreppsnefndin tilkynnti síðan fæðingarhrepp Sigríðar styrkveiting þessa í tæka tíð, og með brjefi 18. júlí 1900 viðurkendi hreppsnefnd fæðingarhreppsins Sig-